

**Gerð G**

Íbúðin er 2 herbergja  
 Stærð 69,2 m<sup>2</sup>  
 Gerð **G**

**Almennt**

<b>Útveggir:</b>	Einangraðir með 10 cm plasteinangrun, sandsparslaðir og fullmálaðir.
<b>Innveggir:</b>	Gipsveggir, hljóðeinangraðir, heilsparslaðir og fullmálaðir. Áhersla er lögð á að ekki heyrst milli íbúða.
<b>Loft:</b>	Fullmáluð gipsloft.
<b>Litir:</b>	Ljósir.
<b>Hiti:</b>	Gólfhiti er allstaðar í húsinu.
<b>Innihurðir:</b>	Allar innihurðir eru spónlagaðar (eik). Hurðirnar eru yfirfelldar með þéttingum og öllu tilheyrandi.
<b>Raflögn:</b>	Í öllum herbergjum er reiknað með tölvu og sjónvarpstengingum einnig í geymslu
<b>Sólbekkir:</b>	Úr graníti (steinn).

**Herbergjalýsing**

<b>Anddyri:</b>	<b>5.6</b> m <sup>2</sup>
<b>Gólf:</b>	Flísalagt.
<b>Hurð:</b>	Millihurð er með gluggum 2x10
<b>Innréttingar:</b>	Fataskápur sjá teikningu.
<b>Rafmagn, hiti:</b>	Ljós í lofti, innstunga og sjálfvirk stilling á gólfhita. <b>Slökkvitæki</b>

**Þvottur og geymsla: 8.5 m<sup>2</sup>**

**Gólf:** Flísalagt.  
**Veggir** Flísalagt er milli innréttinga við vask.  
**Innréttingar:** Þvottahúsinnrétting sjá teikningu og hvítar plasthillur sem eru á vegg á móti hurð.  
**Rafmagn, hiti:** Rakaheld ljós í lofti, innstungur og sjálfvirk stilling á gólfhita.  
**Tæki:** Sjálfvirk þvottavél og barkalaus þurrkari af gerðinni Whirlpool.  
**Tæki:** Skolvaskur er í innréttingu og blöndunartæki eru með sjálfvirkri hitastillingu.  
**Annað:** Þvottahús og geymsla eru eitt rými.

**Hjónaherbergi: 12.6 m<sup>2</sup>**

**Gólf:** Parkett (eik).  
**Innréttingar:** Fataskápur sjá teikningu.  
**Rafmagn, hiti:** Ljós í lofti, tengi fyrir tölvu, síma og sjónvarp. Rafmagnsinnstungur og termostad fyrir sjálfvirka stillingu á gólfhita.

**Stofa 17.8**

**Gólf:** Parkett (eik). Næturlýsing.  
**Rafmagn, hiti:** Innfelld halogenljós í lofti, tengi fyrir tölvu, síma og sjónvarp. Rafmagnsinnstungur og termostad fyrir sjálfvirka stillingu á gólfhita.

<b>Baðherbergi</b>	<b>5.2 m<sup>2</sup></b>
<b>Gólf:</b>	Flísar
<b>Veggir:</b>	Allir veggir flísalagðir upp að efri brún glugga eða 10 cm frá lofti
<b>Innréttingar:</b>	Baðinnrétting sjá teikningu. Vaskur steypur ofan í borðplötu. Blöndunartæki með sjálfvirkri hitastillingu. Spegill á vegg
<b>Rafmagn, hiti:</b>	Innfelld halogenljós í lofti og inn í innréttingu, innstungur og sjálfvirk stilling á gólfhita.
<b>Hreinlætistæki</b>	WC er upphengt. Bað er með sjálfvirkum blöndunartækjum sem hægt er að hengja upp á vegg (sturta).
<b>Annað:</b>	Handklæðaofn er á baði.

<b>Eldhús</b>	<b>10.0 m<sup>2</sup></b>
<b>Gólf:</b>	Parkett
<b>Veggir:</b>	Flísalagt er á milli neðri og efri skápa.
<b>Innréttingar:</b>	Eldhúsinnrétting sjá teikningu. Innréttingin er úr hvítlökkuðum mdf plötum og eru sumar hurðir í efri skápum með sandblásnu gleri. Innrétting er vönduð í alla staði. Lokun hurða og skúffa er á þann veg, að þótt þeim sé skellt þá lokast þær mjúklega og hávaðalaust. Borðplata er dökkyrjött. Í innréttingunni er tvöfaldur vaskur með sjálfvirkum blöndunartækjum.
<b>Rafmagn, hiti:</b>	Ljós í lofti, halogenljós undir innréttingu, innstungur og sjálfvirk stilling á gólfhita.
<b>Tæki</b>	Uppþvottavél af gerðinni Whirlpool AKZ 421 úr burstuðu stáli. Vélin er innbyggð í innréttinguna fyrir utan að stjórnborðið sést. <b>Örbylgjuofn af gerðinni Whirlpool.</b> <b>Ísskápur með frysti að neðan. Whirlpool ART 471. Fellur inn í innréttinguna er með 2 hurðum. Ísskápur 198L frystir 65L.</b> <b>Vífta yfir eldavél. Útdregin hvít á lit. Whirlpool AKR 641 IX</b> <b>Helluborð Whirlpool AKM 950 með snertitökkum 4 hellur</b> <b>Blástursofn Whirlpool AKZ 42. Stál.</b>
<b>Annað:</b>	Í eldhúsi er læstur lyfjaskapur. ATH Áskilinn er réttur til breytinga þegar nýjar gerðir koma á markað eða ofangreind tæki er illfánleg. Alltaf er þó miðað við sambærileg tæki.